

Nd.

## 57. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 40, 20. júní 1923, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús (Orðuskattur).

Flutningsm.: Vilmundur Jónsson.

Á eftir 4. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Af hverskonar orðum, er menn hafa verið sæmdir, erlendum sem innlendum, greiðist árlegur skemmtanaskattur.

Af fálkaorðunni greiðist:

Af fálkakrossi .....	kr. 50.00
— riddarakrossi .....	— 100.00
— stórriddarakrossi .....	— 200.00

Af öðrum orðum greiðist tilsvarendi skattur. Gerir orðunefnd fálkaorðunnar skrá yfir þær og metur til skatts eftir metorðagildi þeirra í samræmi við fálkaorðuna.

Skatturinn fellur í gjalddaga 1. des. ár hvert fyrir liðið ár eða hluta úr ári. Sendimenn annara ríkja eru undanþegnir þessum skatti.

Ráðherra er heimilt að veita mönnum undanþágu frá að greiða þennan skatt gegn því, að þeir afsali sér orðunni og skili henni aftur, enda sé afsalið skrásett í stjórnartíðindum.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

### Greinargerð.

Við jafnaðarmenn erum, eins og kunnugt er, andstæðingar óbeinna skatta. Þó þykir okkur sem ýmsir hinir svo kölluðu lúksus-skattar geti átt rétt á sér, og vissulega, þegar um hégómann einheran er að ræða og gersamlega fánýtt þrjál. Hér er farið fram á að leggja á slíkan ótviræðan lúksus-skatt. Með samþykkt frv. mundi verða bætt úr undarlegu ósamræmi í skattalöggjöfinni.

Getur nokkur sanningirni mælt með því að taka skatt af hverjum bíomiða bláfátæks almúga, sem á engum öðrum skemmtunum hefir ráð — og þó illa ráð —, en láta hina æðstu skemmtun stórborgaranna, krossburðinn, með öllu óskattaða?

Eða hvaða samræmi er í því, að hátolluð sé hver spjör, sem meinn tína utan á sig í þessu kalda landi, nema krossar og tilheyrandi þjötur, sem kosta of fjár, en ekkert skjól er í.

Og er það ekki hróplegt ranglæti að hlaða sköttum á hið alþýðlegasta kvenskraut: bringa, hrossiur og lokka, svo og öll venjuleg leikföng: brúður, tindáta, hringlur og tistur, sem smáhörn risla með, en láta orðurnar, hin dýru gull stærstu barnanna, vera algerlega skattfrjálsar?

Við jafnaðarmenn erum andvígir óbeinu sköttunum fyrir það, að þeir koma að jafnaði margfaldir niður á örbirgustu stéttunum, en þessi óbeini skattur yrði þar áreiðanlega undantekning. Samkvæmt konungsbréfi frá 3. júlí 1921, um stofnun hinnar íslensku fálkaorðu, er mælt svo fyrir, að sæma skuli með henni „þá menn . . . . . og þær konur, sem öðrum fremur hafa eflt hag og heiður fósturjarðarinnar“.

Fátækir bændur, sjómenn og verkamenn hafa vissulega ekkert að óttast af þessum skatti.

Orðunefndin hefir enn ekki komið auga á, að þeir hafi eflt hag eða heiður fósturjarðarinnar, og hún gerir það áreiðanlega ekki hér eftir.